

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1998

27. febrúar 1998

243

Nr. 121

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1998.

1. gr.

Á tímabilinu 1. - 8. apríl 1998 að báðum dögum meðtöldum eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 250° frá Skor. Frá línu réttvísandi 90° frá Stokksnesi að línu réttvísandi 270° frá Garðskagavita markast svæðið að utan af línu sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er um punkta, sem eru í fjögurra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 270° frá Hjörsey | 5. 360° frá Öndverðarnesvita |
| 2. 180° frá Malarrifsvita | 6. 360° frá Rifi |
| 3. 270° frá Tröllakirkju | 7. 250° frá Skorarvita |
| 4. 270° frá Öndverðarnesvita | |

2. gr.

Á tímabilinu 4.-18. apríl 1998, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar bannaðar innan þriggja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

3. gr.

Á tímabilinu 9.-18. apríl 1998, að báðum dögum meðtöldum eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'0 N og 19°57'0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'0 V og þaðan í 64°43'7 N og 24°26'0 V og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.
2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesaukavita.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-3. gr. eru grásleppuveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

Pá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðum á innanverðum Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá Markakletti á Hraunnesi, vestan Straumsvíkur, í 6-baujuna, þaðan í Brekkuboðabauju og síðan um Andriðsey í land.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar, sem ber heitið: „Kindakjöt,“ orðast svo:
1. Sauðfjárskrokkum er skipt í eftirfarandi grunnflokka eftir aldri og kynferði:
 - a. Skrokkar af gimbrarlömbum að tólf mánaða aldri og skrokkar af hrútlömbum sem slátrað er fyrir 20. október og eftir 1. mars, svo og skrokkar af geltum hrútlömbum, að 12 mánaða aldri, enda hafi þau verið gelt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir slátrun. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum D.
 - b. Skrokkar af veturgömlum gimbrum og geldingum, 12-18 mánaða. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum V.
 - c. Skrokkar af veturgömlum hrútum sem slátrað er fyrir 10. október. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum VH.
 - d. Skrokkar af fullorðnum ám og sauðum, eldri en 18 mánaða. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum F.
 - e. Skrokkar af fullorðnum og veturgömlum hrútum sem slátrað er eftir 10. október og lambhrútum sem slátrað er frá 20. október - 1. mars. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum H.
 2. Dilkakjöt í heilbrigðisflokki 1 skal flokkað eftir vaxtarlagi og holdfyllingu annars vegar og eftir fitustigi hins vegar. Heimilt er að skipta flokkunum í mesta lagi í þrjá undirflokka. Yfirkjötmat ríkisins ákveður fjölda undirflokka í samráði við hagsmunadila. Í viðauka I og II með reglugerð þessari eru lýsingar á holdfyllingar- og fituflokkum dilkaskrokka. Við fituflokkun er stuðst við mælingar á fituþykkt á síðu við næstaftasta rif u.þ.b. 11 sm frá miðlínu hryggjar.